

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/3
komudagur 27.9.2012

Umsögn félagsmálaráðs Akureyrar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 80/2011.

Í lögum nr. 80/2011 felast nokkrar breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 og er sú veigamest að gert er ráð fyrir tilfærslu á vistheimilum frá sveitarfélögum til ríkis og um leið að ríkið hefji innheimtu daggjalda vegna vistana á vistheimilum og meðferðaheimilum. Þessi breyting átti að eiga sér stað 1. janúar 2013.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði í 9. mgr. 57. gr. laganna nr. 80/2011 verði breytt þannig að í stað 1. janúar 2013 komi 1. janúar 2014, þ.e.a.s. tilfærslunni frestað um eitt ár.

Engin ástæða er til annars en að lýsa samþykki við þessa frestun en til greina kemur að nýta þetta tækifæri til þess að vekja athygli á því hvað þessi fyrirhugaða breyting (þ.e. tilfærslan) muni hafa í för með sér fyrir Akureyri og nærsveitir (og líklega öll sveitarfélög á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi).

Ekki er gert ráð fyrir að lagt verði fram frekara fjármagn í málaflökkinn vegna þessarar tilfærslu og það boðað að um leið og kostnaður ríkisins verði hinn sami muni heildarkostnaður sveitarfélaga verða það einnig. Ríkið mun yfirtaka tvö vistheimili sem Reykjavíkurborg nú rekur og veita sveitarfélögum aðgang að þeim gegn gjaldi. Þá mun ríkið og hefja innheimtu daggjalda vegna vistana barna á Stuðlum og öðrum meðferðarheimilum sem starfrækt eru í umsjá Barnaverndarstofu.

Það sem þessi breyting mun hafa í för með sér fyrir barnavernd hér í Eyjafirði er eftirfarandi:

- A. Vistheimili í Reykjavík sem ríkið yfirtekur munu ekki nýtast fyrir börn af þessu svæði. Oftast er um að ræða vistanir með skömmu fyrirvara sem standa einungis í nokkra daga. Á vistunartímanum fer fram mikil vinna í samskiptum barnaverndarstarfsmanna við foreldra og aðra ættingja, barnið sjálft og ýmsa aðra stuðningsaðila, s.s. kennara. Slíkar vistanir verða því áfram hér í heimabyggð eins og verið hefur og alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins.
- B. Sveitarfélagið mun þurfa að greiða daggjöld fyrir vistanir barna á meðferðarheimilum og á Stuðlum, en þessar vistanir hafa hingað til verið greiddar að fullu af ríkinu.
- C. Niðurstaðan verður því sú að sveitarfélagið greiðir fyrir úrræði sem hingað til hefur verið ókeypis. Það sem boðið er „í staðinn“ þ.e. þjónusta vistheimilis kemur ekki að notum vegna fjarlægðar. Aðeins vistheimili á Norðurlandi gæti nýst barnavernd hér.

Samþykkt á fundi félagsmálaráðs 26. september 2012.

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/12
komudagur 1.10.2012



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum með síðari breytingum (frestun tilfærslu), nr. 80/2002, þskj. 65 - 65. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum um frestun tilfærslu verkefna frá sveitarfélögum til ríkis um eitt ár.

Bandalagið tekur undir áform um frestun tilfærslunnar einkum að teknu tilliti til réttinda starfsmanna hún mun hafa áhrif á og starfsmannamál almennt. Reynsla bandalagsins er sú að ekki hefur verið nægilega gætt að réttindum starfsmanna við slíkar tilfærslur og er því lögð áhersla á mikilvægi þess.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Reykjavík 3. október 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 80/2011, um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum (frestun tilfærslu). Þingskjal 65 — 65. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru og ekki skuli mismuna börnum vegna aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra.

Réttur barna til að njóta úrræða eins og vistheimilis, fjölskylduheimilis eða sambýlis á að vera óháður búsetu. Mikilvægt er að börn geti notið þessarar þjónustu í heimabyggð og fái því notið þess réttar að umgangast foreldra sinna og njóta umönnunar þeirra, leiðsagnar og stuðnings. Af þeim sökum telja Barnaheill - Save the Children á Íslandi mikilvægt að ríkið tryggi að sveitarfélög geti sinnt þessu hlutverki sínu. Ólíðandi er að togstreita milli ríkis og sveitarfélaga komi niður á börnunum sem njóta eiga þjónustunnar.

Samtökin eru því sammála þeim áherslum sem fram koma í frumvarpinu, að ríkið taki yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir, skv. 84. gr. laganna. Sveitarfélög beri áfram ábyrgð á öðrum úrræðum í nærumhverfi barnsins, skv. 84. gr., svo sem á einkaheimilum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka undir þau sjónarmið Reykjavíkurborgar og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að forsenda þess að breytingar á verkaskiptingu
Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

ríkis og sveitarfélaga komi til framkvæmda 1. janúar 2013 séu að þær leiði til bættrar þjónustu á landsvísu. Samtökin sýna því skilning að fresta þurfi gildistöku umræddra breytinga vegna þess að forsendur virðast ekki ætla að ganga eftir og vinna þurfi betur að undirbúningi málsins. Samtökin vilja þó leggja áherslu á að þessari vinnu verði hraðað, þannig að breytingarnar taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2014. Það er óásættanlegt að seinkun gildistöku bitni á þeim börnum sem þurfa á þjónustunni að halda.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar Barnaheilla- Save the Children á Íslandi



Alþingi
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. október 2012
Tilvísun : 2012010113/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn).

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 21. september sl., þar sem stofnunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn), 65. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa harmar það að ekki hafi náðst að ganga frá framkvæmd færslu stofnana skv. 84. gr. barnaverndarlaga frá sveitarfélögum til ríkis á því eina og hálfu ári sem liðið er frá því að Alþingi tók ákvörðun um yfirfærsluna.

Fulltrúar frá Barnaverndarstofu sátu í tveimur starfshópum á vegum velferðarráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu, annars hópi sem ætlað var að fara yfir hvaða hópi ættu að standa úrræðin til boða eftir yfirfærsluna og hins vegar hópi sem ætlað var að útfæra kostnaðarpátttöku sveitarfélaga í úrræðum á vegum Barnaverndarstofu. Tóku báðir hóparnir til starfa á vormánuðum 2012.

Ljóst er að ekki hefur tekist að ganga frá fyrirhugaðri yfirfærslu innan þess tímamarka sem upphaflega var gefinn af hálfu Alþingis. Barnaverndarstofa telur ljóst að ómögulegt verði að ljúka vinnu við yfirfærsluna fyrir áramót. Telur Barnaverndarstofa því rétt að styðja þá tillögu um að fresta yfirfærslunni um ár.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu


Heida Björg Palmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/65
komudagur 5.10.2012

Reykholti, 5. október 2012
1210002 VV

Efni: Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 21. september 2012; frumvarp til laga um barnaverndarlög (65. mál).

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók eftirfarandi erindi fyrir á fundi sínum þann 26. september 2012 og var eftirfarandi bókað.

Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 21. september 2012; frumvarp til laga um barnaverndarlög (65. mál).
Byggðaráð gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 4. október 2012

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Alþingi
Erindi nr. P 141/85
komudagur 10.10.2012

10.10.2012

Hér sendast umsagnir sem hreppsnefnd Hrunamannahrepp tók fyrir þann 4. Okt. s.l.

1. Velferðanefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðanefnd Alþingis um frumvarp til laga um barnaverndarlög. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til Velferðarnefndar Árneshöfða.

Kveðja
JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri
480-6600
jon@fludir.is



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
c/o Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri, 10. október 2012
1210006 KÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2011.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 með síðari breytingum.

Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Kristin Ástgeirsdóttir
framkvæmdastýra

Alþingi
Erindi nr. P 141/20
komudagur 28.9.2012

Frá: Helga Grethe Kjartansdóttir [helga@personuvernd.is]
Sent: 28. september 2012 16:19
To: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Efni: Re: Umsagnarbeiðni - 65. mál frá velferðarnefnd Alþingis

Berist til velferðarnefndar Alþingis,

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis, dags. 22. september 2012, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2011, um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (65. mál á 141. löggjafarþingi, þskj. 65). Um er að ræða breytingu sem felur í sér að tilfærsla á heimilum og stofnunum fyrir börn frá sveitarfélögum til ríkis muni eiga sér stað þann 1. janúar 2014 í stað 1. janúar 2013.

Frumvarpið varðar ekki vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,
Helga Grethe Kjartansdóttir
lögfræðingur hjá Persónuvernd
s. 510-9600
www.personuvernd.is

Minnisblað

65. mál

Móttakandi: Framkvæmdastjóri sambandsins Dags.: 16. maí 2012
Sendandi: Guðjón Bragason og Gyða Hjartardóttir Málsnr.: 1203003SA
Málalykill: 060
Efni: Tillaga um frestun á gildistöku tiltekinna ákvæða barnaverndarlaga

Undirrituð hafa að undanfögnu átt tvo fundi með Ellýju A. Þorsteinsdóttur og Halldóru Gunnarsdóttur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna yfirstandandi vinnu starfshópa um útfærslu ákvæða laga nr. 80/2011 um breytingar á ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 (BVL). Um er að ræða aðskilin verkefni en þó ná tengd, sem snúa annars vegar að því að ríkið yfirtaki rekstur vistheimila fyrir börn, sem Reykjavíkurborg rekur skv. 84. gr. laganna, og hins vegar að tekin verði upp gjaldtaka af öllum vistheimilum sem Barnaverndarstofa rekur eða fjármagnar rekstur á. Lögum samkvæmt eiga báðar þessar breytingar að taka gildi 1. janúar 2013.¹

Það er samdóma álit fulltrúa sambandsins og Reykjavíkurborgar að skynsamlegast sé að fresta gildistöku umræddra ákvæða barnaverndarlaga. Fyrir því liggja aðallega eftirtaldar ástæður:

- Meginforsendan fyrir því að lagt var til að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var að um leið yrði lagt aukið fjármagn í rekstur vistheimila skv. 84. gr. BVL. Með því gæfist færi á því að auka þjónustustig þannig að færi gefist á því að taka börn frá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík inn á vistheimili eftir því sem nauðsyn krefur.
- Af hálfu ríkisins hafa hins vegar engin fyrirheit verið gefin um aukið fjármagn heldur er þvert á móti gengið út frá því að fjármagn verði óbreytt. Fyrir liggur sú afstaða af hálfu Reykjavíkurborgar, sbr. bréf sem borgin sendi velferðarráðherra 14. maí 2012, að um sé að ræða forsendubrest fyrir breytingum á verkaskiptingu. Engin sátt geti náðst um annað en að borgin geti boðið reykvískum börnum og fjölskyldum í vanda sama þjónustustig og áður. Bréfið er lagt fram sem fylgiskjal við þetta minnisblað.
- Sambandið hlýtur að taka undir afstöðu borgarinnar um að forsendubrestur sé til staðar og styðja af þeirri ástæðu að óska eftir lengri tíma til þess að hægt verði að útfæra frekar fjármögnun fyrirhugaðra breytinga. Raunhæft virðist að gildistaka lagabreytinga frestist um tvö ár enda eru ekki horfur á að fjármögnunarvandi leysist á einu ári. Eðlilegast væri þó að gera ekki hlé

¹ Í gildistökuákvæði laga nr. 80/2011 segir eftirfarandi um gildistöku: Ákvæði a-liðar 45. gr., 50.–52. gr., a-liðar 53. gr. og 1., 3. og 4. málsl. b-liðar 53. gr. taka gildi 1. janúar 2013.

á vinnu við útfærslu heldur stefna að því að starfshópur skili sínum tillögum í síðasta lagi á vormánuðum 2013, þannig að nægur tími gefist til að vinna að fjármögnun og ganga frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um útfærslu miðað við gildistöku 1. janúar 2014.

- Nýmæli í BVL um að sett verði gjaldskrá fyrir vistun barna á vistheimilum sem rekin eru á ábyrgð Barnaverndarstofu kom inn í löggin sem leið til þess að fjármagna aukin verkefni Barnaverndarstofu í tengslum við verkefnatilfærsluna. Af þeirri ástæðu er eðlilegt að leggja til að gildistaka þeirra ákvæða laganna frestist um jafnlangan tíma, þ.e. til 1. janúar 2014.
- Rétt þykir að koma þeirri skoðun á framfæri að gjaldtaka fyrir meðferðarúrræði sem nú eru í boði sveitarfélögum að kostnaðarlausu, t.d. vistun á Stuðlum, til mótvægis við aðgang sveitarfélaga að vistunarúrræðum skv. 84. gr. BVL, mun koma mjög misjafnlega út fjárhagslega fyrir sveitarfélögin og er hætt á ákveðnu ójafnræði milli þeirra sem sveitarfélaga sem munu væntanlega njóta góðs af nýjum úrræðum skv. 84. gr., ef upphaflegar forsendur um bættu þjónustu ganga eftir, og hinna sem munu þurfa að greiða fyrir úrræði sem nú eru til reiðu án endurgjalds fyrir sveitarfélögin. Þessi nýja gjaldtaka getur mögulega einnig haft áhrif á val sveitarfélaga á úrræðum, þannig að fjárhagsleg sjónarmið hafi áhrif á ákvarðanir sem eru í eðli sínu faglegar og þurfa að byggja á mati á hverju og einu tilviki.
- Rík ástæða virðist vera til þess að skoða frekar hvort hægt sé að komast hjá fyrirhugaðri gjaldtöku með því að ræða kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna vistheimila fyrir börn í tengslum við aðrar mögulegar breytingar á verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Frestun á gildistöku lagaákvæða um gjaldtöku mun gefa færi á að skoða frekar mögulega útfærslu í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvað þetta varðar.

Undirrituð gera ráð fyrir að eiga fund með Einari Njálssyni 18. maí nk. til að ræða mögulega lagabreytingu í samræmi við framangreinda samantekt.

GB/GH



Alþingi
Erindi nr. P 141/9
komudagur 1. 10. 2012

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2012

Efni: Frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn), 65. mál.


Vísað er til tölvupósts frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 21. september 2012, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Umboðsmaður lýsir yfir vonbrigðum með frumvarpið þar sem lagt er til að tilfærsla á heimilum og stofnunum fyrir börn frá sveitarfélögum til ríkis verði frestað um eitt ár. Umboðsmaður barna hefur miklar áhyggjur af þeim hópi barna sem eru vistuð utan heimilis og telur mikilvægt að jafnræðis sé gætt við þau börn sem þurfa á þessari þjónustu að halda án þess þó að sú þjónusta sem þegar er til staðar skerðist. Telur umboðsmaður mikilvægt að leyst verði úr þeim vandamálum sem fylgja umræddri tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn sem fyrst þannig að ekki þurfi að fresta lögfestingu úrræðisins.

Ef til frestunar kemur er mikilvægt að allir þar til bærir aðilar leggist á eitt og setji vinnu við skipulagsbreytingar, svo sem fjármögnun starfseminnar, starfsmannamál og fasteignamál, í forgang í því skyni að breytingin nái fram að ganga sem fyrst og eigi síðar en 1. janúar 2014.

Að lokum vill umboðsmaður barna vekja athygli á þeim vanda og skorti á úrræðum sem börn með áfengis- og vímuefnavanda glíma við, sem og börn með fjölpætt vandamál. Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar þess efnis að fyrrnefndur hópur standi mjög illa og úrræði til að bregðast við vanda þeirra fá eða engin. Umboðsmaður barna leggur áherslu á að hugað verði að fullnægjandi úrræðum fyrir þennan hóp barna.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna